



Mosfellsbær

Íbúafundur um umhverfismál

Samantekt niðurstaðna | Ráðgjafarsvið KPMG

—
22. mars 2018

Inngangur

Íbúafundur um umhverfismál í Mosfellsbæ

Þann 22. mars 2018 var haldinn opinn íbúafundur í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ um stefnumótandi áherslur íbúa varðandi umhverfismál í Mosfellsbæ. Þátttakendur voru tæplega 50 talsins.

Í upphafi fundar kynnti Bjarki Bjarkason tilgang fundarins, sem er að koma með innlegg íbúa í mótun umhverfisstefnu Mosfellsbæjar. Því næst hélt Vilborg Arna Gissurardóttir stutt erindi, en að því loknu tók við vinnustofa sem stýrt var af KPMG. Fundarstjórnun var í höndum Sævars Kristinssonar frá ráðgjafarsviði KPMG.

Í samantekt þessari eru niðurstöður frá fundinum settar fram sem vinnugögn til frekari úrvinnslu við stefnumótun sveitarfélagsins í umhverfismálum.

Fyrirvari

Eftirfarandi samantekt er byggð á niðurstöðum hugmyndavinnu frá íbúafundi í Mosfellsbæ um umhverfismál sem haldin var í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ. Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggt er á enda er um opinn íbúafund að ræða. KPMG getur hvorki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi.

Öll ákvarðanatataka í tengslum við úrlausn ágreinings tengdum verkefnum er alfarið í höndum Mosfellsbæjar sem verkkaupa. KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli gagna í samantektinni. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli skýrslunnar eða niðurstaðna sem í henni eru, er hjá verkkaupa eða lesanda samantektarinnar.

Áhersluflokkar

Á fundinum var unnið með eftirfarandi áhersluflokka:

- Skógrækt og landgræðsla
- Vatnsvernd og náttúruvernd
- Umhverfisfræðsla
- Útivist og lýðheilsa
- Mengun, hljóðvist, loftgæði og samgöngur
- Endurvinnsla, neysla og græn innkaupóða
- Aðrir áherslupættir

Fundargestir fengu eftirfarandi verkefni:

1. Að koma með hugmyndir að markmiðum sem Mosfellsbær ætti að setja sér í hverjum áhersluflokki
2. Velta upp mikilvægustu aðgerðunum í áhersluflokknum
3. Koma með hugleiðingar um hvað íbúar geti gert sjálfir í áhersluflokknum

Skógrækt og landgræðsla (1/2)

Markmið	Aðgerðir	Íbúar
1 Gera skógrækt að skipulagsmáli		
2 Fræðslustígar		Virkja börn og aðra. Skógræktardagur fyrir alla, virkur dagur með samvinnu skólanna
3 Viðhald á skiltum o.fl.	Fjármagn	
4 Friða eitt fell frá skógrækt/ eyða skógi sem þar er. Eitt skóglaut fell		Vera virk
5 Auka alla umhirðu og viðhald t.d. grisjun, laga stíga		Taka ábyrgð
6 Samstarf við hestamannafélagið til að nýta hrossaskít til uppgræðslu	Taka upp samtal við hestamannafélagið	
7 Búa til skjól m/skógrækt t.d. skjólbelti til að ýta undir útivist		
8 Auka fjölbreytni – fleiri trjategundir		
9 Fylgja eftir og hirða um gróðursettar plöntur sem grunnskólabörn vinna að	Hver skóli gæti fengið sitt svæði til landgræðslu og/eða skógræktar og myndu þá hirða um það	
10 Auka skógrækt	Safna könglum og fræjum	Ganga í skógræktarfélagið
11 Fleiri göngustígar um skógana (aukið aðgengi)	Gera skógræktar- og landnýtingaráætlun	Beina félagasamtökum í að hjálpa til við skógrækt t.d. fræsöfnun
12 Skógrækt ofar í landinu en áður	Leggja meira fé til skógræktar	
13 Gróðursetja eyjar þar sem tré myndu sá sér út	Tryggja samninga við landeigendur innan bæjarmarka	

Skógrækt og landgræðsla (2/2)

Markmið	Aðgerðir	Íbúar
14 Endurheimt birkiskóga á Mosfellsheiði	Samvinna við Kolvið á gróðursetningu á Mosfellsheiði (binding á móti losun)	
15 Gróðursetja fleiri tegundir á heiðinni t.d. stafafuru		Taka illa farið land í fóstur
16 Auka trjárækt í þéttbýli	Mosó bjóði uppá einhverskonar átaksverkefni þar sem íbúar geta tekið þátt	Hver og einn getur ræktað garðinn sinn
17 Láta skógrækt laga sig betur að náttúrunni með tilliti til landslags	Umhirða skóga	Sinna auðum svæðum í bænum í samráði við bæinn
18 Auka skógrækt til að binda kolefni í samræmi við heimsmarkmið	Gróðursetja niður bindandi plöntum á rýr svæði	Fá íbúa til að hjálpa til við að stýra lúpínu
19 Samstarf við RVK til að planta utan um Úlfarsfell		
20 Deiliskipuleggja Úlfarsfell þvert á Mosó og RVK	Styrkir fyrir sveitarfélög frá ríki sbr. landshlutaverkefni/lögbýli og sveitarfélög saman	

Vatnsvernd / náttúruvernd

Markmið	Aðgerðir	Hvað geta íbúar gert
1 Bæta frárennismál – hafa þau í lagi	Ofanvatn – Blágrunn/ofanvatnslausnir	Hreinsa niðurföll/rennur
2 Hreinsa rusl	Hreinsistöðvar	Íbúar tíni rusl. Náttúruhlaup og tína rusl. Brýna fyrir öðrum að tína rusl. Íbúasamtök láti að sér kveða
3 Viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika. Hrein vatnsból, hreinar ár	Halda ánum hreinum. Varmá, Skammadalsækur, Kaldakvísl, Suðurá, Leiruvogsá, Korpa (Úlfarsá) Passa uppá Sorp, bæta við ruslatunnum, fyrirtæki hreinsi umhverfi sitt	
4 Vernda strandlengjuna. Dreifing húsdýraáburðar – fara eftir reglum		Ekki skilja rusl eftir. Hreinsa rusl á ströndinni
5 Sjálfbær bær	Sópa götur oft	Ekki þvo bílana á bæjarhlaðinu með sterkum efnum
6 Endurheimt gróður, t.d. á Mosfellsheiði		Ekki kaupa rusl
7 Bæta aðgengi að ströndinni	Skapa sátt um Varmá!	Ofanvatnslausnir, rusl, halda ánum hreinum

Umhverfisfræðsla

Markmið	Aðgerðir	Íbúar
1 Uppákomur fyrir íbúa: koma fólki út í náttúru, námskeið úti með fróðleg erindi.	Vekja áhuga á umhverfinu okkar: umgengni, upplifun	Vera virk að skrifa í bæjarblaðið. Vera virk með börnunum sínum úti.
2 Leikir og uppákomur til að koma börnum út (dæmi: pokemon)		
3 Útgáfa fræðslubæklinga og fræðslukvöld	Efla kennsluefni	
4 Efla kynningu hjá skátum og björgunarsveit		
5 „Lúpínukvöld“ – ekki tala um „eyðingu“	Vekja áhuga fólks á að vinna á móti ágengum tegundum: Virkja fólk að taka til handa	Daglegar umræður við sína nánustu og sem flesta bæjarbúa
6 Fræðsluskilti, endurnýjun á því sem er til	Efla fjölskylduútvist	Ræða flokkun og hvernig er best að fara að
7 Búa til trjásafn		
8 Nota náttúru sem kennslustofu	Efla og fjölga útvist í skólum	
9 Skapa meira hvetjandi verkefni fyrir vinnuskóla: hvað skal gert, hvernig og hvers vegna	Vinnuskóli: Vera hvetjandi, finna verkefni sem auka umhverfisvitund – betri leiðbeinendur	
10 Nota síðustu skólavikuna í umhverfisfræðslu	Fræðsla um neysluvenjur og mengandi efni	Vera dugleg að stofna til umræðna
11 Hvatningarverðlaun fyrir góða umgengni	Vekja börn til umhugsunar að margt smátt geri eitt stórt	Íbúar verða virkir að snyrta í kringum sig – líka lengra frá.
12 Fá fagmenn í skólana til umhverfisfræðslu, helst þekktir menn		Íbúar taka rusl upp á göngutúr eða á skokki
13 Betra aðgengi að útvistar- og göngukorti		
14 „Fræðslumolar“ á heima síðu Mosfellsbæjar. „Vissir þú að..?“	Að menn þekkja umhverfið sitt betur: örnefni, kennileiti	

Útivist og lýðheilsa

Markmið	Aðgerðir	Íbúar (almennt)
1 „Út með börnin“	Gera grænt skipulag með svæðaskiptingu	
2 Öruggt umhverfi	Skilgreina stíga, og gera nýja/viðhald stíga	
3 Aðgengi að útivistarsvæðum	Grisjun skóga	
4 Hvatning til útivistar		
5 Aðgengi að sjó		Tillitsemi Gönguhópar Hjóla hópar Hagsmunahópar Náttúruhlaup Hreinsunardagar Virka fólk í að laga göngustíga/hjólreiðastíga/ reiðstíga
6 Göngu-, hjóla- og reiðstígar	Lagfæra göngustíga í Hamrahlíð	
7 Nýta íþróttahús fyrir eldri borgara		
8 Hestaleiksvæði		
9 Árstíðabundin útivist á skógræktarsvæðum	Árstíðabundin útivist auglýst	
10 Hafravatn sem alhliða útivistarsvæði		
11 Sér heimasíða/netsvæði fyrir útivist og lýðheilsu í Mosfellsbæ	Samnýting íþróttasvæða/ gönguskíðabraut golfvöllur	
12 Íbúar virkir í útivist í Mosfellsbæ		

Mengun, hljóðvist, lofgæði og samgöngur (1/2)

Markmið	Aðgerðir	Hvað geta íbúar gert
1 Þjónusta út í hverfi	Hvetja verslanir að opna minni útibú í hverfum	Versla í hverfi
2 Draga úr notkun einkabílsins	Lagar hljóðvist – borgarlína	Ganga, hjóla
3 Hreinar ár og vötn	Fráveitukerfi	Gengið betur um
4 Svifrykslaus bær	Fá mælitæki	Mæla sjálfir
5 Efla notkun á hjóla- og göngustígum	Halda stígum hreinum og heilum	
6 Hreinn bær	Hreinsunaráttak	Tína rusl, skilja ekki eftir
7 Draga úr hljóðmengun	Auka hljóðvarnir	Draga úr notkun á bílum, nögllum og hraða
8 Fleiri forgangsreinar fyrir almenningssamgöngur	Greiðari almenningssamgöngur	Þrýsta á stjórnvöld
9 Umhverfisvænni bílar og samgöngur	Samnýta bíla, samgöngustyrkir	Kaupa umhverfisvænni ökutæki
10 Auka vistvænar samgöngur	Athuga ferðavenjur, vinnuveitendur, samgöngusamningar og styrkir fyrir starfsmenn	Nota vistvænni samgöngur
11 Draga úr loftmengun	Mæla, fækka hraðahindrunum	
12 Minnka bílaumferð	Selja gjaldskyldu á bílastæði	Gengið / hjólað
13 Draga úr lyktarmengun frá Álfsnesi		

Mengun, hljóðvist, lofgæði og samgöngur (2/2)

Markmið	Aðgerðir	Hvað geta íbúar gert
14 Kynna borgarlínu	Að bæta samgöngur til og frá Mosó	Þrýsta á kynningar. Samtök um borgarlínu
15 Hvetja til notkunar vistvænni samgangna. Fyrsta val sé rafbílar – vistvæn ökutæki	Bæta innviði til að geta innleitt rafbíla – bæta við hleðslustöðvum	Þrýsta á sveitarfélagið
16 Endurhugsa iðnaðarhverfi		
17 Bæta hljóðvist og loftgæði	Skipuleggja vetur við Vesturlandsveg	
18 Auka þjónustu í hverfum bæjarins	Skipulagsáætlanir	Versla í búðum í bæjarfélaginu
19 Setja hljóðvarnir víðar		
20 Aðstöðu fyrir tjaldvagna og smærri vagna		

Endurvinnsla, neysla og græn innkaup (1/2)

Markmið	Aðgerðir	Hvað geta íbúar gert
1 Endurnýta meira	Vakning	Vera sjálf virkari við flokkun og endurnýtingu
2 Fleiri grenndargáma	Yfirvöld fjölgi grenndargámum og hvatning af hálfu bæjarsamfélagsins til meiri flokkunar	Fara með flokkaðan úrgang í grenndargáma
3 Náttúruhlaup	Kynning/vakning	Vera virk - tökum þátt
4 Fjölgun á tunnum við heimahús	Bjóða upp á flokkunar möguleika heimavið	Vera dugleg að flokka heimavið
5 Auka upplýsingar og fræðslu um umhverfismál	Bæjaryfirvöld standi fyrir fræðslu og upplýsingum	Fræðumst og fræðum
6 Seljandinn taki aftur til sín umbúðir	Koma á fót skilagjaldskerfi fyrir umbúðir	Hvetja verslanir til að taka við umbúðum
7 Skynsöm innkaup		Íhuga vel öll innkaup og kaupa inn skipulega
8 Kaupa meira af innlendu grænmeti! (minnka vistspor)	Fræðsla um vistvæn innkaup	Íbúar íhugi vel innkaup sín
9 Aukin endurvinnsla		
10 Aukin endurnot	Koma upp aðstöðu fyrir sölu á notuðum innréttingum	Íbúar hafa aðgang að endurvinnslumarkaði
11 Meiri flokkun		
12 Hætta urðin í Álfnesi	Betra aðgengi að flokkunarstöðvum	Flokka meira og fara með á endurvinnslustöðvar

Endurvinnsla, neysla og græn innkaup (2/2)

Markmið	Aðgerðir	Hvað geta íbúar gert
13 Takmarka sem mest notkun einnota plastumbúða	Fræðsla og samstarf við verslanir	Nota fjölnota burðarpoka
14 Takmarka matarsóun	Hvetja/styrkja betur innkaup á matvælum	Skynsamleg og skipulagðari matarinnkaup
15 Ábyrg innkaup	Fræðsla, vakning hvatning	
16 Stöðva fatasóun	Fjárhagslegir hvatar t.d. að meiri flokkun = lægra sorphirðugjald	
17 Hætta að nota plast undir matvæli	Verslanir noti umhverfisvænni umbúðir	Vistvænni kaup, hættem að kaupa einnota plastburðarpoka
18 Endurnýta fót í burðarpoka	Setja upp grind fyrir burðarpoka úr endurunnum efnum	Við getum sjálf búið til burðarpoka úr gömlum fatnaði
19 Nýta matarleifar til heimilisbrúks t.d. í garðáburð	Kynna þennan möguleika fyrir fólki	Hugsa áður en að við kaupum
20 Nýta betur það sem við kaupum	Fræðsla, vakning	Skila inn öllum umbúðum
21 Minnka umbúðanotkun	Skilagjald á umbúðir (allar)	
22 Fleiri grendargáma/fleiri tegundir	Bærinn fjölgi grendargámum	Þrýst á bæjaryfirvöld að fjölga grendargámum
23 Sér tunna fyrir plast		
24 Meiri flokkun heimavið	Fræðsla. Boðið upp á móttöku í tunnum	Virkja allt heimilisfólk til meiri flokkunar

Aðrar góðar hugmyndir

Markmið	Aðgerðir	Hvað geta íbúar gert
1 Íbúalýðræði, fleiri íbúafundir, kynna betur fyrir íbúa, virkja íbúa	Sjálfbóðaliðastarf, Aukin fræðsla, fleiri íbúafundir, greinar í Mosfelling, yrkjuverkefni í skógrækt	Hreinsað rusl. Tekið upp lúpínu
2 Stöðva landbrot/vernda minjar. Vernda fornminjar	Stöðva landbrot á Blikastaðarnesi í stíl við landið. Samstarf við minjavernd	
3 Minnka losun eiturefna í fráveitu	Stöðva losun efna í ræsi með fræðsla til íbúa	Þvo bíla á þvottastöðum. Losa ekki eiturefni í garða
4 Draga úr eiturefnaúðun	Fræðsla til íbúa, hvað í staðinn?	
5 Endurheimt fjalla frá skógrækt. Tryggja útsýni. Friðlýsing Lágafells	Eyðing ágengra plantna	Hreinsa lúpínu og furu
6 Auka birkiskóga	Gera skógrækt að skipulagsmáli	
7 Verndun árbakka/hindra landbrot	Koma í veg fyrir bakkarof	
8 Stórauka skógrækt	Dreifing fræja, virkja skógræktarfélag, virkja íbúa, virkja frjáls félagasamtök	Taka þátt í starfi skógræktarfélags
9 Auka loftgæði	Hefja mælingar á loftgæðum og hafa mælingar aðgengilegar íbúum	Halda málefninu vakandi Eigið lífsmundur
10 Aukin þekking íbúa á bænum og umhverfi	Fleiri fræðsluskilti Merking eyðibýla/jarða	
11 Menningarsaga Mosfellsbæjar	Fræðsla	
12 Auka þekkingu á plöntum í Mosó	Plöntusafn	
13 Auka þjónustu við ferðafólk	Tengja betur saman útivistarstíga- svæði, áningastaði fyrir ferðamenn. Gera meira heildstætt. Vinna betur saman, t.d. golfvöllur og skógrækt. Teygja skógrækt við aðra afþreyingu	Samstarf golfvalla og skógræktar, skógar-golfvöllur

Svipmyndir af fundinum



Svipmyndir af fundinum





Nánari upplýsingar

Sævar Kristinsson

skristinsson@kpmg.is



kpmg.com/socialmedia



kpmg.com/app

© 2018 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn og vörumerki KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.